

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi

Lagt er til að skólahald í norðanverðum Grafarvogi verði með þeim hætti frá og með upphafi skólaárs 2020-2021 að tveir grunnskólar verði fyrir nemendur í 1.-7. bekk, annar í Borgum og hinn í Engi. Einn unglingaskóli verði í Vík fyrir 8. – 10. bekk sem starfi samkvæmt hugmyndafræði nýsköpunarskóla. Skólastjóri verði í hverjum skóla. Skólarnir taki upp sín fyrri nöfn, þ.e. Borgaskóli, Engjaskóli og Víkurskóli.

Skólahald verði aflagt í starfsstöðinni Korpu þar til fjöldi barna í Staðahverfi á aldrinum 6 – 12 ára (1. – 7. bekk) hefur náð 150 nemendum. Ákvörðun um áframhald skólahalds fyrir börn í Staðahverfi verði þá endurskoðað í nánú samstarfi við foreldra og íbúa Staðahverfis. Fram að þeim tíma tilheyrir Staðahverfi skólahverfi Engjaskóla á yngra og miðstigi og Víkurskóla á unglingastigi. Umhverfissvænn skólaakstur verði fyrir börn í 1. – 4. bekk í Staðahverfi í Engjaskóla frá Korpuskóla. Nemendur á mið- og unglingastigi í Staðahverfi hafi val um það að fá skólaakstur eða ókeypis strætókort til afnota að eigin vali.

Frístundaheimili verði starfrækt í Borgaskóla og Engjaskóla og þar fari einnig fram félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára nemendur. Félagsmiðstöð unglínga verði starfrækt í Víkurskóla.

Tryggðar verði samgöngubætur til þess að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og til að tengja betur öll hverfi í norðanverðum Grafarvogi.

- Göngu- og hjólaleiðir verði bættar til að gera skóla-, frístunda- og íþróttastarf aðgengilegra fyrir íbúa í öllum norðanverðum Grafarvogi.
- Undirgöng eða ámóta örugg göngu- og hjólaleið verði sett við Strandveg/Víkurveg á milli Garðsstaða og Breiðavíkur.
- Sett verði upp gönguljós og þrenging götu við Mosaveg.
- Unnið verði að úrbótum á almenningsamgöngum, með áherslu á fjölgun biðstöðva og tíðari ferðir.

Gerðar verði breytingar á hverfamörkum skólanna til að tryggja gott jafnvægi nemendafjölda í skólunum.

Lögð er áhersla á að leitað verði leiða til að húsnæði Korpu nýtist áfram í skóla- og frístundastarf, með það að markmiði að foreldrar hafi val um skóla- og frístundaúrreði fyrir börn sín. Í því sambandi verði m.a. leitað eftir áhuga sjálfstætt starfandi skóla og byggingin kynnt fyrir þeim aðilum sem vilja hefja þar starfsemi.

Lagt er til að innleiðingarhópar verði skipaðir til að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinganna, einn hópur fyrir hvern skóla/frístundaheimili/félagsmiðstöð og einn yfirhópur sem tryggi að samfella skapist í skipulagi skólahalds, frístundastarfs og samgöngumála. Innleiðingarhóparnir starfi að minnsta kosti til ársloka 2020. Innleiðingarhópur hvers skóla/frístundaheimilis/félagsmiðstöðva verði skipaður fulltrúum skólastjórnenda, kennara, nemenda og foreldra, frístundaheimila/félagsmiðstöðvar, og fulltrúum skóla- og frístundasviðs. Í yfirhópi verði fulltrúar skólastjórnenda, foreldra, kennara, stjórnendateymis Gufunesbæjar og fulltrúar skóla- og frístundasviðs. Í vinnunni verði sérstaklega hugað að breytingum í starfsmannahaldi og stefnt að því að eðlileg starfsmannavelta leysi sem mest af breytingunum og tryggt sé að öllum starfsmönnum bjóðist áfram starf hjá skóla- og frístundasviði.

Greinargerð

Á undanförunum áratug hefur nemendum á grunnskólaaldri fækkað verulega í norðanverðum Grafarvogi eða um 180 frá 2012. Þar af hefur nemendum í Kelduskóla-Korpu fækkað um meira en helming eða úr 140 nemendum árið 2012 í 59 nemendur í dag í byggingu sem hönnuð er fyrir 170 nemendur. Miðað við núverandi skipan íbúðahúsnæðis á svæðinu bendir margt til að sú þróun haldi áfram á komandi árum. Þó ber að geta þess að 155 íbúðir eru í byggingu við Móaveg og því mun börnum á grunnskólaaldri fjölga í hverfi Vættaskóla á næstu tveimur árum.

Markmið með tillögunni er að auka námslega og félagslega fjölbreytni fyrir nemendur í öflugum starfseiningum sem eru faglega og fjárhagslega sjálfbærar. Mikilvægur faglegur ávinningur er af þessum breytingum, svo sem möguleikar á ráðningu fjölbreyttari hóps sérfræðinga, aukin tækifæri til teymiskennslu og sameiginlegrar vinnu starfsfólks innan skólanna. Þá býður sameinaður unglingaskóli samkvæmt hugmyndafræði nýsköpunarskóla upp á mun meiri fjölbreytni í námi og félagsmiðstöðvastarfi.

Tillagan felur í sér að settur verði á fót sameinaður unglingaskóli í norðanverðum Grafarvog sem væri skilgreindur sem nýsköpunarskóli og sýndu niðurstöður könnunar og rýnihópavinnu starfshópsins að mikill áhugi er fyrir slíkum skóla. Í flestum námskrám í skólum í Evrópu er farið að leggja meiri áherslu á nýsköpunarþáttinn og hæfni nemenda til að beita tiltekinni hugsun við úrvinnslu viðfangsefna og byggja þannig undir eigin frumkvöðlahæfni. Hæfni frumkvöðulsins er að geta beitt ímyndunaraflinu til að sjá fyrir hluti sem eru ekki til, vera skapandi til að beita ímyndunaraflinu til að takast á við áskoranir og beita síðan nýsköpun til að skapa nýjar lausnir.

Í töflu 1 má sjá fjölda nemenda eftir árgöngum í Kelduskóla – Korpu 1. október síðastliðinn borið saman við meðaltalsfjölda nemenda í sömu árgöngum í öðrum grunnskólum Reykjavíkurborgar. Fyrir utan 6. bekkinn þar sem enginn nemandi stundar nám í Korpu, þá er nemendafjöldinn í Korpu á bilinu 10-29% af meðaltalsfjölda nemenda annarra skóla/starfsstöðva í Reykjavík.

Tafla 1. Fjöldi nem. í Kelduskóla - Korpa og meðaltalsfjöldi í öðrum skólum/starfsstöðum Rvk. eftir árgöngum 1. okt. 2019.

| 1.okt.19 | 1. b | 2. b | 3. b | 4. b | 5. b | 6. b | 7. b |
|--------------------|------|------|------|------|------|------|------|
| Kelduskóli - Korpa | 10 | 9 | 4 | 11 | 12 | | 13 |
| Reykjavík * | 41,4 | 41,8 | 41,4 | 45,4 | 47,1 | 45,0 | 44,5 |

*Meðaltal árganga eftir skólum/starfsstöðum. Kelduskóli – Korpa er utan meðaltals.

Ljóst er að starfsemin í Kelduskóla – Korpu uppfyllir ekki viðmið skóla- og frístundasviðs um lágmarksfjölda nemenda í skólaeiningu, en þar er miðað við 140 nemendur í 1.-7. bekk.

Í tillögunni er fjárhagslegur ávinningur áætlaður tæpar 200 milljónir króna á skólaárinu 2020-2021. Í töflu 2 sést hvernig hagræðing í þúsundum króna skiptist niður á kostnaðarliði. Lækkun verður í launakostnaði grunnskóla, en aukning verður í stjórnunarkostnaði þar sem þrír skólastjórar verða í stað tveggja á móti því sem þrír aðstoðarskólastjórar verða í stað fjögurra í dag. Innri leiga lækkar verulega þar sem leiga fellur niður á húsnæði Korpuskóla og annar kostnaður lækkar vegna t.d. rafmagns og hita en eykst vegna skólaaksturs. Mesta hagræðing

vegna reksturs frístundaheimila og félagsmiðstöðva verður vegna fækkunar um þrjá forstöðumenn.

Tafla 2. Áætluð rekstrarhagræðing á skólaárinu 2020-2021 (SFS, 2019).

| Hagræðing við rekstur skóla- og frístundastarfsemi í norðanverðum Grafravogi skólaárið 2020-2021 - áætlað | |
|--|----------------|
| Launakostnaður | 72.969 |
| Innri leiga Korpa | 90.565 |
| Rekstur félagsmiðstöðva | 11.342 |
| Rekstur frístundaheimila | 5.761 |
| Annar rekstrarkostnaður | 13.759 |
| Samtals hagræðing | 194.396 |

Skóla- og frístundaráð sendi erindi til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar þann 25. júní síðastliðinn, þar sem óskað var eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um tillögur starfshóps um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafravogi. Í umræddu erindi sem byggt var á bókun skóla- og frístundaráðs var óskað eftir mati á “raunhæfni og fýsileika þess að ráðast í uppbyggingu á þróunarsvæðum í Staðahverfi” og mögulegri tímasetningu uppbyggingar, miðað við bindandi markmið gildandi aðalskipulags.

Í svari umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar segir m.a.:

Það er ljóst að fyrir liggja miklir möguleikar á að þetta íbúðarbyggð víða innan borgarinnar og þróunarreitir sem nú þegar hafa verið skilgreindir gætu jafnvel mætt íbúðarþörf fram til ársins 2050. Vegna þessa er mikilvægt að uppbyggingarsvæðum verði forgangsraðað mjög markvisst í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu, í samræmi við ofangreind megin markmið. Í takti við þetta yrði uppbygging á umræddum reitum við Víkurveg og Korpúlfsstaðaveg tæplega sett í forgang á næstu árum. Samkvæmt nýlegu samkomulagi um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, er gert ráð fyrir því að sá framkvæmdaáfangi Borgarlínu sem nær að Spönginni, verði í fyrsta lagi á dagskrá árið 2029. Á grundvelli þessa er ekki líklegt að ráðist yrði í verulega þéttingu í norðanverðum Grafravogi fyrr en í kringum 2030.

Fjöldi barna á grunnskólaaldri og skipting í húsnæði

Miðað við fjöldapróun nemenda á grunnskólaaldri á næstu fimm árum gæti samsetning nemenda í skólunum þremur verið eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Gert er ráð fyrir fjölgun nemenda frá íbúum við Móaveg. Gert er ráð fyrir einni félagsmiðstöð í safnskóla á unglíngastigi og tveimur frístundaheimilum í yngri barnaskólum. Með þessu fyrirkomulagi væri hægt að bæta við 83 nemendum á unglíngastigi og um 216 nemendum á yngra stigi.

Tafla 3 sýnir hvað skólahúsnæði í norðanverðum Grafravogi rúmar marga nemendur að teknu tilliti til núverandi skólahlads, nemendaspár og viðmið um rými fyrir nemendur, starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðvar.

Tafla 3. Skólahúsnæði í Grafravogi og viðmið um rými fyrir skóla- og frístundastarf miðað við nemendaspá.

| Tveir aðskólar í Borgum og Engi, einn safnskóli í Vík. Korpu lokað. Tölur m.v. spá 2024 með uppbyggingu á Móavegi | | | | | | |
|---|----------------------------------|---|----------------------------------|---|--|---------------------------------------|
| Skólabyggingar í norðanverðum Grafravogi | Stærð skólabyggingar í fermetrum | Fjöldi fermetra í frístundaheimili/ félagsmiðstöð | Fjöldi fermetra í skólustarfsemi | Fjöldi nem. sem rúmast í hverri skólabyggingu | Nemendaspá og möguleg skipting þeirra í skólabyggingar 2024-2025 | Mögulegur fjöldi nemenda til viðbótar |
| Borgir | 3930 | 140 | 3790 | 345 | 262 | 83 |
| Engi | 4483 | 140 | 4343 | 395 | 262 | 133 |
| Vík | 3950 | 80 | 3870 | 352 | 269 | 83 |
| Samtals fermetar/börn | 12.363 | 360 | 12.003 | 1.092 | 793 | 299 |

Með vísan í umsögn umhverfis – og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, fækkun nemenda í hverfinu og skýrslu starfshóps um framtíðarskipulag í norðanverðum Grafarvogi sem lögð var fyrir skóla- og frístundaráð í júní 2019, leggur skóla- og frístundaráð til ofangreinda tillögu.

Fylgiskjal:

Til nánari upplýsingar er í töflu 4 nýjustu nemendafjöldatölur og skipting eftir árgöngum í almennu skólum og starfsstöðum Reykjavíkur.

Tafla 4. Nemendafjöldatölur 1. október 2019 í almennu skólum og starfsstöðum Reykjavíkur.

| Skóli | 1.b. | 2.b. | 3.b. | 4.b. | 5.b. | 6.b. | 7.b. | 8.b. | 9.b. | 10.b. | Heildarsumma |
|------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|--------------|
| Austurbæjarskóli | 30 | 35 | 29 | 35 | 41 | 49 | 58 | 43 | 44 | 36 | 400 |
| Árbæjarskóli | 63 | 36 | 53 | 52 | 46 | 56 | 48 | 98 | 105 | 101 | 658 |
| Ártúnsskóli | 22 | 28 | 30 | 24 | 36 | 15 | 36 | | | | 191 |
| Breiðagerðisskóli | 56 | 65 | 61 | 54 | 53 | 53 | 62 | | | | 404 |
| Breiðholtsskóli | 41 | 46 | 42 | 40 | 44 | 46 | 51 | 46 | 44 | 25 | 425 |
| Dalskóli | 30 | 42 | 33 | 40 | 31 | 33 | 23 | 27 | 29 | 17 | 305 |
| Fellaskóli | 27 | 22 | 38 | 36 | 35 | 31 | 39 | 33 | 30 | 32 | 323 |
| Foldaskóli | 28 | 33 | 29 | 41 | 42 | 43 | 37 | 76 | 82 | 85 | 496 |
| Fossvogsskóli | 41 | 33 | 51 | 43 | 57 | 56 | 47 | | | | 328 |
| Grandaskóli | 50 | 54 | 58 | 68 | 43 | 32 | 52 | | | | 357 |
| Hagaskóli | | | | | | | | 176 | 199 | 192 | 567 |
| Hamraskóli | 32 | 28 | 31 | 17 | 16 | 29 | 21 | | | | 174 |
| Háaleitisskóli - Álftamýri | 41 | 37 | 43 | 42 | 39 | 36 | 41 | 45 | 32 | 25 | 381 |
| Háaleitisskóli - Hvassaleiti | 18 | 8 | 24 | 25 | 35 | 28 | 21 | | | | 159 |
| Háteigsskóli | 35 | 42 | 39 | 37 | 65 | 43 | 41 | 52 | 49 | 48 | 451 |
| Hlíðaskóli | 61 | 49 | 40 | 56 | 64 | 48 | 48 | 51 | 52 | 40 | 509 |
| Hólabrekkuskóli | 59 | 59 | 61 | 48 | 46 | 56 | 34 | 42 | 58 | 45 | 508 |
| Húsaskóli | 18 | 21 | 18 | 15 | 30 | 28 | 24 | | | | 154 |
| Ingunnarskóli | 32 | 37 | 28 | 39 | 46 | 45 | 40 | 34 | 41 | 45 | 387 |
| Kelduskóli - Korpa | 10 | 9 | 4 | 11 | 12 | | 13 | | | | 59 |
| Kelduskóli - Vík | 24 | 31 | 30 | 27 | 21 | 29 | 15 | 46 | 16 | 37 | 276 |
| Klébergsskóli | 16 | 13 | 8 | 13 | 14 | 7 | 14 | 11 | 18 | 10 | 124 |
| Langholtsskóli | 56 | 65 | 64 | 71 | 80 | 82 | 84 | 62 | 61 | 56 | 681 |
| Laugalækjarskóli | | | | | | | 97 | 80 | 88 | 79 | 344 |
| Laugarnesskóli | 106 | 94 | 69 | 100 | 103 | 86 | | | | | 558 |
| Melaskóli | 64 | 64 | 75 | 104 | 79 | 94 | 90 | | | | 570 |
| Norðlingaskóli | 58 | 58 | 62 | 69 | 78 | 63 | 60 | 60 | 55 | 47 | 610 |
| Réttarholtsskóli | | | | | | | | 138 | 125 | 138 | 401 |
| Rimaskóli | 52 | 66 | 57 | 44 | 66 | 44 | 51 | 44 | 53 | 47 | 524 |
| Selásskóli | 30 | 30 | 25 | 39 | 32 | 27 | 30 | | | | 213 |
| Seljaskóli | 73 | 63 | 61 | 71 | 68 | 78 | 60 | 74 | 55 | 63 | 666 |
| Sæmundarskóli | 39 | 55 | 40 | 58 | 44 | 42 | 54 | 44 | 58 | 50 | 484 |
| Vesturbæjarskóli | 39 | 48 | 43 | 55 | 44 | 56 | 64 | | | | 349 |
| Vogaskóli | 34 | 26 | 30 | 35 | 39 | 39 | 32 | 38 | 27 | 32 | 332 |
| Vættaskóli - Borgir | 23 | 18 | 21 | 23 | 60 | 46 | 43 | | | | 234 |
| Vættaskóli - Engi | 26 | 22 | 23 | 25 | | | | 48 | 43 | 52 | 239 |
| Ölduselsskóli | 43 | 51 | 49 | 51 | 56 | 64 | 51 | 44 | 51 | 49 | 509 |
| Heildarsumma | 1377 | 1388 | 1369 | 1508 | 1565 | 1484 | 1481 | 1412 | 1415 | 1351 | 14350 |